



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2015

Rekstur safnsins var með sambærilegum hætti og undanfarin ár. Fastráðnir starfsmenn voru þrír: Örlygur Kristfinnsson, Anita Elefsen og Steinunn M. Sveinsdóttir. Ráðnir voru sjö sumarstarfsmenn, fjórir önnuðust safngæslu og þríf en þríf unnu við smíðar, viðhald og önnur tilfallandi verkefni.

Aðsókn að safninu var með besta móti á árinu en aldrei fyrr hafa gestir verið svo margir. Árið 2015 var sannarlega metár í þeim efnum. Skráðir gestir voru alls 22.090 en það er aukning um tæp 14% frá fyrra ári. Í fyrsta sinn voru erlendir gestir í meirihluta, en 52% af gestum safnsins voru erlendir ferðamenn. Nítján skemmtiferðaskip heimsóttu Siglufjörð og Síldarminjasafnið sérstaklega. Alls fóru fram 26 síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka en þar að auki 5 á hafnarbakkanum í Maríuhöfn, Álandseyjum, þar sem fram fór samnorræn strandmenningarhátíð í fimmta sinn. Síldarminjasafnið hefur með einum eða öðrum hætti tekið þátt í öllum hátíðunum: Húsavík 2011, Ebeltoft 2012, Karlskrona 2013, Oslo 2014 og síðast Maríuhöfn 2015. Framlag safnsins hefur verið í formi listaverkasýningar, bókakynningar, síldarsaltana og fróðleiks um orðanotkun á íslensku og norsku.

Áfram var unnið að uppbyggingu Salthússins. Á árinu voru austur- og suðurhliðar hússins búnar undir klæðningu með ásetningu tjörupappa og glugga. Lokið var við smíði þaks í nóvember – kvistir, bárujárn, kjaljárn á mæni osfrv. Á vetrarmánuðum unnu starfsmenn safnsins jafnframt að því að olíubera, grunna og mála hluta af klæðningu hússins.

Opnuð var ný sýning í Njarðarskemmu í júní – „rafmagnið og síldin“ þar sem fjallað er um raforkuframléiðslu í þágu síldariðnaðarinnar. Sýningaropnunin var framlag Síldarminjasafnsins til *Meningarminjadaga Evrópu 2015*, en þema ársins var „arfur verk- og tæknimenningar“. Við opnunina var stofnað til málþings þar sem flutt voru ávörp fyrir hönd Síldarminjasafnsins, Rarik, Rafveitu Siglufjarðar og Minjastofnunar. Með tilkomu sýningarinnar í Njarðarskemmu eru sýningarhús Síldarminjasafnsins orðin fimm talsins.

Safninu var færður uppgerður og gangfær Willys jeppi, árg. '47, með viðhöfn í júníbyrjun. Jeppinn er ætlaður til notkunar fyrir starfsmenn safnsins í ýmsum erindagjörðum og mun því aka um götur bæjarins á sumardögum.

Skráning í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, fór fram með skipulegum hætti. Mest áhersla var lögð á skráningu gripa í sýningum Róaldsbrakka, þ.e. gripum tengdum söltunarvinnunni. Tölusettar voru 33 nýskráningar í aðfangabók og í Sarp voru skráðar 293 færslur, sem hver inniheldur einn eða fleiri gripi.

Örlygur, Anita og Steinunn, héldu til Ítalíu í maímánuði. Síldarminjasafnið var þar þátttakandi á 20 ára afmælishátíð Micheletti-stofnunarinnar í Brescia. Samtímis var haldið ársþing European Museum Academy, EMA. Til hátíðarinnar var boðið öllum söfnunum 19 sem hlotið hafa Micheletti verðlaunin fram til þessa og þannig útnefnd bestu söfn Evrópu á sviði iðnaðar, vísinda eða samfélagssögu. Síldarminjasafnið hlaut verðlaunin árið 2004. Mikið var þingað þessa daga og söfn skoðuð í Milánó, Brescia og í Ítölsku Ölpunum. Starfsfólk safnsins stóð fyrir kynningu á Síldarminjasafninu og tók þátt í hringborðsumræðum.

Rekstur safnsins skilaði tæplega 2,3 milljón króna tapi á árinu sem skýrist meðal annars af því að enginn styrkur var veittur frá Safnaráði vegna tæknilegra mistaka við innsendingu umsókna. Velta ársins nam rétt tæpum 46 milljónum. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn, utan launakostnaðar, var Salthúsið sem nam tæpum 10 milljónum. Samið var við Arion banka um fimm ára greiðsludreifingu á skuld frá árinu 2012.

Siglufirði, 28. apríl 2016

Anita Elefsen, safnstjóri